

AUGLÝSING

um deiliskipulag hesthúsahverfis í landi Saltvíkur, Norðurþingi.

Á fundi sveitarstjórnar Norðurþings þann 21. september 2010 var samþykkt deiliskipulag fyrir hesthúsasvæði við Saltvík, með fyrirvara um staðfestingu aðalskipulags Norðurþings 2010-2030. Nú hefur aðalskipulagið verið staðfest án breytinga á því svæði sem deiliskipulagið tekur til.

Svæðið er ætlað undir hestamennsku og þar er gert ráð fyrir lóðum undir hesthús, reiðskemmu, skeiðvöll og félagsaðstöðu hestamanna á 11,3 ha landi vestan Þjóðvegur um 4 km sunnan Húsavíkur.

Deiliskipulag þetta var auglýst skv. ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, samhliða tillögu að aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030, og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Engar athugasemdir bárust við kynningu skipulagsins.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Húsavík, 28. mars 2010.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 12. apríl 2011